

Nr.: STE-010	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 04		
Dags.: 11.06.2025		
Höfundur: GH	Jafnréttis- og jafnlaunastefna	
Samþykkt: GH		
Síða 1 af 6		

1 JAFNRÉTTISSTEFNA

Menntaskólinn í Kópavogi setur sér eftirfarandi jafnréttisstefnu sem byggð er á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, með áorðnum breytingum.

Markmið jafnréttisstefnu er að tryggja að fyllsta jafnréttis kynjanna sé gætt í hvívetna í skólanum og að bæði nemendur og starfsfólk fái notið sín á eigin forsendum án tillits til kynferðis. Halda skal sem jöfnustu hlutfalli kynjanna í öllu starfi innan skólans sé þess kostur. Markvisst skal unnið að kynjasambættingu í stefnumótun og ákvörðunum á öllum sviðum skólans. Kynbundin mismunur er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist og skal vinna á virkan hátt gegn slíkri mismunur. Kynbundið ofbeldi eða áreitni er ekki liðin. Með jafnréttisstefnu skólans er unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og að vinna gegn neikvæðum staðalímyndum. Jafnréttisstefnu MK er fylgt fram með jafnréttisáætlun.

Þessi jafnréttisáætlun er kynnt almenningi á heimasíðu Menntaskólans í Kópavogi.

2 JAFNRÉTTISÁÆTLUN

Jafnréttisáætlun MK er verkfæri til þess að hrinda stefnunni í framkvæmd með markvissum hætti. Jafnréttisáætluninni er skipt í tvennt og tekur annar hlutinn til vinnustaðarins, þ.e. starfsfólks skólans og reksturs hans, en hinn hlutinn til nemenda, náms og kennslu, þ.e. skólastarfsins. Áætlunin er liður í því að jafna stöðu og virðingu kynja innan skólans og minna starfsfólk, stjórnendur og nemendur á mikilvægi þess að allir fái notið sín án tillits til kynferðis.

Jafnréttisnefnd MK ber ábyrgð á að gera jafnréttisáætlun á grundvelli jafnréttisstefnu skólans.

Jafnréttisáætlun nær til allrar starfsemi skólans. Stjórnendur bera sameiginlega ábyrgð á framgangi jafnréttismála. Gæðastjóri er fulltrúi stjórnenda sem ber ábyrgð á innleiðingu á jafnlaunakerfinu (IST-085:2012). Stjórnendur skuldbinda sig til þess að fylgja lögum sem varða jafnan rétt kynja til launa fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf. Þeir sjá um að halda uppi stöðugum umbótum sem varða jöfnun á kynbundnum launamun fyrir sambærileg og jafnverðmæt störf innan hvers stéttarfélags. Ef kynjabundin ójöfnuður launa kemur upp ber að bregðast við því skv. umbótaferlum skólans og fylgja verkferli „Úrbætur áhættugreining“. Að jafnaði skal þess gætt að óútskýrður kynbundinn launamunur sé ekki meira en 3%. Yfirstjórn og gæðastjóri í hennar umboði skulu: 1. hafa gætur á að jafnréttisáætlun sé fylgt; 2. óska eftir því að yfirstjórn ræði reglulega um jafnréttismál og leggja fram tillögur um sértækar aðgerðir í samræmi við markmið jafnréttisáætlunar; 3. afla tölfræðilegra upplýsinga um þætti sem varða áætlunina og 4. gera tillögur að endurskoðun hennar.

Áætlunina skal endurskoða á þriggja ára fresti og meta með hliðsjón af jafnréttisstefnunni og þeim árangri sem náðst hefur samkvæmt settum mælikvörðum.

2.2 VINNUSTAÐURINN

Þeir þættir sem litið er til eru

Nr.: STE-010	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 04		
Dags.: 11.06.2025		
Höfundur: GH		
Samþykkt: GH		
Síða 2 af 6	Jafnréttis- og jafnlaunastefna	

- **Ráðningar.** Hafa skal bæði kynin í huga þegar störf eru auglýst og leitast við að halda hlutfalli kynjanna eins jöfnu og frekast er unnt. Gæta skal jafnréttissjónarmiða til jafns á við önnur sjónarmið við ráðningar í skólanum.
- **Ráðningarkjör.** Við ákvörðun launa skal þess gætt að kynjum sé ekki mismunað og skulu viðmið við ákvörðun launa vera skýr og öllum ljós. Við ákvörðun launa er unnið skv. jafnlaunastaðli ÍST-85:2012 sem er grundvöllur fyrir vottunarkerfi að því er varðar launajafnrétti kynja í skólanum.
- **Starfsaðstæður.** Innan skólans skal leitast við að gera öllum óháð kyni kleift að samræma sem best starfsskyldur sínar og fjölskylduábyrgð s.s. vegna óska um töku fæðingar- og eða foreldraorlofs, eftir því sem starfstími og skipulag kennslu leyfir.
- **Endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun.** Allt starfsfólk óháð kyni á að hafa jafna möguleika til að sækja sér endurmenntun, símenntun og starfsþjálfun við hæfi.
- **Starfsframi, verkefni og ábyrgð.** Starfsfólk óháð kyni skal hafa jafna möguleika á starfsframa innan skólans. Gæta skal jafnréttissjónarmiða við skiptingu verkefna og deilingu ábyrgðar meðal starfsfólks. Við skipan í nefndir og ráð skal gæta þess að kynjahlutfall sé sem jafnast. Starfsaðstæður skulu taka mið af kynjasjónamiðum og stefnt er að jöfnum áhrifum kynja í skólanum.
- **Einelti og kynferðisleg áreitni.** Allt starfsfólk og nemendur eiga rétt á að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki einelti, kynferðislegri né kynbundinni áreitni. Í verklagsreglu VKL-404 Úrbætur/áhættugreining og á verkefnablaði GAT-008 er lýsing á verklagi við úrvinnslu mála.

Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal hann leita til skólameistara og/eða trúnaðarmanns sem finna málinu farveg.

2.3 SKÓLASTARFIÐ

Í öllu skólastarfi, námi, kennslu og skólanámskrá skal gæta jafnréttissjónarmiða. Jafnframt skal ýtt undir gagnrýna umfjöllun um hefðbundna kynjaskiptingu og kynhlutverk í námi eftir því sem tilefni gefst til.

- Í námi, félagsstarfi og framkomu fyrir hönd skólans á öllum vettvangi skal ávallt gæta þess að kynjahlutföll séu sem jöfnust.
- Í kennslu skal unnið markvisst að því að breyta hefðbundnum kynjaímyndum og eins skal unnið gegn neikvæðum staðalímyndum. Áhersla er lögð á að stuðla að sjálfsvirðingu og sjálfstæði kynja.
- Áhersla er á að uppfræða nemendur sérstaklega um jafnrétti kynjanna og nemendur þjálfaðir í að vinna gegn hvers kyns misrétti.
- Lögð er áhersla á að gefa nemendum kost á að vera virkir og skapandi í starfi óháð kyni. Stefnt er að því að draga úr menningarbundnum kynhlutverkum (val á kynbundnum námsleiðum/hugmyndir um hefðbundin karla og kvennastörf) með fræðslu, starfs og námsráðgjöf.
- Kennarar eru fyrirmyndir sem eiga að stuðla að jafnrétti í orði og í verki. Halda skal fræðslufundi og námskeið fyrir starfsfólk sem snerta jafnréttismál reglulega.

Nr.: STE-010	Menntaskólinn í Kópavogi Jafnréttis- og jafnlaunastefna	
Útgáfa: 04		
Dags.: 11.06.2025		
Höfundur: GH		
Samþykkt: GH		
Síða 3 af 6		

Telji nemandi að jafnrétti sé brotið eða farið á svig við reglur skólans skal leitað til skólameistara, námsráðgjafa eða starfsfólks sem finna málinu farveg.

2.4 Jafnréttisnefnd

Innan MK skal starfa jafnréttisnefnd, sem kosin er á skólafundi til tveggja ára í senn. Í jafnréttisnefnd skuli sitja eigi færri en þrír einstaklingar kennari, starfsmaður og nemandi og gengur annar fulltrúi kennara/starfsmanna úr nefndinni í einu. Hlutverk jafnréttisnefndar er meðal annars að fylgjast með stöðu jafnréttismála í skólanum, móta stefnu og áætlanir skólans í jafnréttismálum og fylgja eftir jafnréttisáætlun skólans. Jafnréttisnefndin skal vera ráðgefandi og setja fram 3 ára aðgerðaáætlun í jafnréttismálum fyrir Menntaskólann í Kópavogi. Þegar tímaramma aðgerðaáætlunar er lokið metur jafnréttisnefndin árangur eftir fyrirframgefnum markmiðum. Hún skrifar skýrslu sem lögð er fyrir gæðaráð skólans sem tekur ákvörðun um framhald mála í samvinnu við nefndina. Samin er ný 3 ára aðgerðaáætlun. Nefndin taki saman tölur um stöðu kynja í skólanum s.s. kynjahlutfall kennara/starfsmanna - kortleggi hvernig staðan er í skólanum og birti niðurstöður í árskýrslu skólans.

Aðgerðabundin jafnréttisáætlun Menntaskólans í Kópavogi fyrir skólaárið 2025-28

Jafnréttisáætlun þessi er yfirfarin og virkni hennar metin á rýnifundum stjórnenda að vori.

Launajafnrétti - 19. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tími
Að konur, karlar og fólk af öllum kynjum fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf.	Skólinn hefur þegar hlotið jafnlaunavottun til að tryggja að fólk af öllum kynjum fái sömu laun og njóti sömu kjara fyrir jafnverðmæt störf. Framkvæma reglulega úttekt á stöðu launajafnréttis við skólann í samræmi við jafnlaunastaðal.	Skólameistari, verkefnastjóri í gæðamálum og skrifstofustjóri Skólameistari	Áframhaldandi frá 2025, Í samræmi við lög um jafnlaunavottun

Laus störf, starfspjálfun, endurmenntun og símenntun - 20. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímar
Jafna kynjahlutfallið í starfsmannahópnum.	Taka fram í auglýsingum um laus störf að farið sé eftir jafnréttislögum og að öll kyn séu hvött til þess að sækja um.	Skólameistari og aðstoðar-skólameistari.	Í hvert sinn sem störf eru auglýst.
Að allt starfsfólk sem vinnur sambærileg störf hafi jafnan aðgang að starfspjálfun og endurmenntun.	Samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum. Kynna starfsfólki niðurstöður á fyrsta kennarafundi að hausti.	Skólameistari og aðstoðar-skólameistari.	Lokið í ágúst ár hvert.
Efla kynjafræðipækkingu starfsfólks	Fræðsluerindi fyrir kennara um jafnréttismál skal vera á dagskrá kennarafundar í jafnréttisvikunni	Skólameistari og jafnréttisnefnd.	Mars hver ár.

Nr.: STE-010	Menntaskólinn í Kópavogi Jafnréttis- og jafnlaunastefna	
Útgáfa: 04		
Dags.: 11.06.2025		
Höfundur: GH		
Samþykkt: GH		
Síða 4 af 6		

Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs - 21. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Starfsfólki sé gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.	Veita starfsfólki sveigjanleika þegar kemur að skipulagningu skóladagatala og álags eftir því sem kjarasamningar og aðstæður frekast leyfa.	Skólameistari	Alltaf
	Upplýsa starfsmenn um lögvarinn rétt til fæðingar- og foreldraorlofs sem og fjarvista vegna veikinda barna.	Stjórnendur í samstarfi við trúnaðarmenn	Alltaf
	Kynning og þátttaka í Stofnun Ársins þar sem meðal annars er spurt um hvernig starfsfólki gangi að samræma starfsskyldur og ábyrgð gagnvart fjölskyldu. Skipuleggja aðgerðir sé ástæða til, þegar niðurstöður úr könnunum liggja fyrir.	Jafnréttisnefnd	Árlega

Kynbundið ofbeldi, kynbundin áreitni og kynferðisleg áreitni - 22. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í veg fyrir að starfsfólk verði fyrir/eða beiti • einelti • kynbundnu ofbeldi • kynbundinni áreitni og/eða • kynferðislegri áreitni á vinnustaðnum	Kynna starfsfólki reglugerð nr. 1009/2015 um aðgerðir gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum. Uppfæra og kynna handbók starfsfólks þar sem viðbragðsáætlanir eru kynntar. Uppfæra viðbragðsáætlanir í samræmi við lög sem varða einelti, kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni. Skipuleggja markvissa fræðslu fyrir starfsfólk á viðbragðsáætlunum og verklagsferlum.	Skólameistari Öryggisnefnd og jafnréttisfulltrúi Jafnréttisfulltrúi, forvarnarfulltrúi og skólameistari Jafnréttisnefnd	Hvert ár Hvert ár Hvert ár Hvert ár

Nr.: STE-010	Menntaskólinn í Kópavogi Jafnréttis- og jafnlaunastefna	
Útgáfa: 04		
Dags.: 11.06.2025		
Höfundur: GH		
Samþykkt: GH		
Síða 5 af 6		

Menntun og skólastarf - 23. grein

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Nemendur fái fræðslu um jafnréttismál	Skólinn stendur árlega fyrir jafnréttisdögum þar sem nemendum skólans og starfsfólki er boðið upp á fyrirlestra og kynningar á málefnum tengdum jafnrétti. Jafnréttismálin skulu þá sérstaklega verða umfjöllunarefni í kennslu hinna mismunandi greina. Kennarar hvattir til að rýna námsefni með kynjafræði í huga.	Jafnréttisnefnd og jafnréttisnefnd nemenda	Árlega í byrjun mars
Að búa öll kyn undir jafna þátttöku í samfélaginu, svo sem í fjölskyldu- og atvinnulífi.	Áfangi í kynjafræði er skyldufag fyrir alla nemendur til stúdentsprófs	Skólameistari	Á hverri önn.
Í náms- og starfsráðgjöf fái kynin fræðslu og ráðgjöf í tengslum við sömu störf.	Náms- og starfsráðgjafar vinna samkvæmt núverandi tilhögun þar sem áhersla er lögð á jafnrétti kynjanna.	Náms- og starfsráðgjafar	Á hverju ári

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Koma í vög fyrir að nemendur verði fyrir/og beiti:	Nemendur fá markvissa fræðslu um kynbundið ofbeldi, kynferðislega áreitni og kynbundna áreitni. Rætt um hvar eðlileg mörk liggja í samskiptum fólks.	Kennarar í viðeigandi greinum.	Á hverju ári
- kynbundnu ofbeldi - kynbundinni áreitni - kynferðislegri áreitni í skólanum.	Gera og senda út könnun um líðan nemenda, upplifun og reynslu af kynbundnu ofbeldi, kynbundinni áreitni og kynferðislegri áreitni í skólanum. Fylgja eftir með kynningum og aðgerðum.	Jafnréttisnefnd starfsfólks og nemenda.	Hvert ár í janúar
Við skipulagningu viðburða í nafni skólans skal haft í huga að öllum líði eins vel og unnt er, að engum þyki að sér vegið og að virðing sé borin fyrir ólíkum einstaklingum og jaðarsettum hópum.	Vinna sérstaklega með stjórn nemendafélagsins hvað varðar skipulag á viðburðum á vegum skólans sem miðar að forvörðum og jafnréttishugsun.	Skólameistari, félagsmálafulltrúi, forvarnarfulltrúi og jafnréttisfulltrúi	Á hverju ári
	Setja markvissa vinnu í gang sem endurskoðar áætlun fyrir eineltis- og kynbundna og/eða kynferðislega áreitni.	Skólameistari, jafnréttisfulltrúi og öryggistrúnaðarmaður	Ágúst á hverju ári
	Jafnréttisnefnd skal ásamt félagslífsfulltrúa funda með nemendaráði í upphafi hverrar annar og standa fyrir árvissri jafnréttisfræðslu fyrir nemendaráð og nefndarmenn þar sem nemendaráðsfulltrúar setja saman aðgerðaráætlun vetrarins í jafnréttismálum.	Jafnréttisnefnd og félagslífsfulltrúi	Á hverju ári

Nr.: STE-010	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 04		
Dags.: 11.06.2025		
Höfundur: GH		
Samþykkt: GH		
Síða 6 af 6	Jafnréttis- og jafnlaunastefna	

Samstarf heimilis og skóla:

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Að mæður, feður og forráðamenn af öllum kynjum taki jafnan þátt í skólastarfinu. Starfsfólk skólans útiloki ekkert foreldri á grundvelli kyns.	Að foreldrafélagið sé meðvitað um þátttöku mæðra og feðra og foreldra af öllum kynjum.	Stjórn foreldrafélagsins, kennarar og starfsfólk	Á hverju ári
	Ef þörf er á að senda tölvupóst vegna nemenda skal hann sendur á alla forráðamenn.	Viðeigandi starfsfólk	Viðeigandi tímasetning
	Jafnréttisfulltrúi mæti á kynningarfund fyrir foreldra nýnema og kynni jafnréttisstarf skólans.	Jafnréttisfulltrúi	Á hverju ári

Jafnréttisáætlun þessi er yfirfarin og virkni hennar metin á rýnifundum stjórnenda.

Jafnréttisáætlun þessi var samþykkt af skólameistara Menntaskólans í Kópavogi þann 11. Júní 2025 og verður endurskoðuð fyrir 2028.
